



61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga Giljaskóla, Akureyri 12. -14. október 2018

Gisting og veitingar

Það styttist óðum í landsþing okkar hestamanna og við þökkum gestgjöfum okkar, Léttismönnum, kærlega fyrir heimboðið.

Það þurfa allir að halda vel á spöðunum og undirbúa praktísk atriði eins og gistingu, ferðir, veitingar og aðra skemmtun vel og tímanlega.

Þingið sjálft verður haldið í **Giljaskóla** og þar munum við fá kaffiveitingar allt þingið, kvöldverð á föstudagskvöldi og hádegisverð á laugardegi.

Gistingin verður á tveimur hótélum í eigu KEA Hotels, annars vegar á **Hótel KEA** og hins vegar á **Hótel Norðurlandi**. Þið getið skoðað hótelin á www.keahotels.is. Nú svo eru auðvitað alltaf einhverjir sem þurfa ekki hótलगistingu og þá er það auðvitað hið besta mál.

Þinginu lýkur síðan á laugardagskvöldi með glæsilegum þingslitafagnaði í Skeifunni (veislusal reiðhóllarinnar) að hætti Léttismanna.

Hin ómissandi makaferð verður á sínum stað á laugardeginum og er hún þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu.

Hótel Norðurland	Verð
Eins manns herbergi m/morgunverði	Kr. 13.900
Tveggja manna herbergi m/morgunverði	Kr. 17.500
Hótel KEA	Verð
Eins manns herbergi m/morgunverði	Kr. 15.700
Tveggja manna herbergi m/morgunverði	Kr. 19.700
Giljaskóli	Verð
Matarpakki; kaffiveitingar, kvöld- og hádegisverður	Kr. 8.000
Skeifan – þingslitafagnaður	Verð
Kvöldverður, skemmtun og dansleikur	Kr. 7.900

Formenn þurfa að panta bæði mat og gistingu fyrir sína fulltrúa eigi síðar en **21. september 2018** en það er jafnframt síðasti dagur til að skila inn kjörbréfum.

Einnig þarf að panta miða á þingslitafagnaðinn og senda áætlaðan fjölda þátttakenda í makaferðina.

Fulltrúi hvers félags gerir svo upp fyrir sína fulltrúa fyrir brottför af hótélunum. En LH sendir reikninga fyrir veitingum í Giljaskóla eftir þingið.

Með bestu kveðju,

f.h. stjórnar Landssambands hestamannafélaga,

Hilda Karen Garðarsdóttir, verkefnastjóri